

Samantekt á þarfagreiningu

e. Maríu Kristínu Gylfadóttur, 2022

Hér er gerð grein fyrir markmiðum, framkvæmd og helstu niðurstöðum þarfagreiningar sem var unnin meðal hagaðila innan skapandi greina og þeirra sem starfa í stjórnslu og atvinnulífi með skapandi greinar frá febrúar og fram í maí 2022. Þarfagreiningin var framkvæmd af Maskínu en rýnihópavinna sem unnin var samhliða þarfagreiningunni var framkvæmd af Maríu Kristínu Gylfadóttur og Önnu Hildi Hildibrandsdóttur. Markmið þarfagreiningar var að kynnast betur hegðun og þörfum ólíkra markhópa innan skapandi greina og væntingum þeirra um stofnun sérstaks rannsóknaseturs. Áætlaður ávinningur var aukinn skilningur á þörfum markhópa og upplýst ákvarðanatöku varðandi áherslur og uppbyggingu rannsóknaseturs, varðandi mikilvægi stefnumótunar stjórnvalda og uppbyggingu innviða og hæfniþróun innan greinarinnar. Áhersla var lögð á að tryggja þátttöku fulltrúa ólíkra markhópa í könnunum og viðtölum í samræmi við markmið þarfagreiningar. Mismunandi eigindlegum og meginlegum aðferðum var beitt til að ná fram markmiðum; rafrænt umræðuborð, rafræn spurningakönnun og rýnihópar. Alls tóku tæplega 500 manns þátt en helmingi fleiri var boðin þátttaka. Spurningalistar voru ekki samhljóða en allir tóku til eftirfarandi þátta: (1) umræða/þekking á stefnumótun; (2) þörf fyrir rannsóknasetur, efnistösk rannsókna og aðgengi að tölfræðilegum gögnum; (3) aðgengi að símenntun og hæfni til framtíðar; (4) stefnumótun stjórnvalda og innviðauppbygging; (5) eigin þátttaka í skapandi starfi og alþjóðlegt samstarf.


Þörf fyrir rannsóknasetur, hlutverk og helstu verkefni

Almennt voru þátttakendur mjög jákvæðir gagnvart stofnun rannsóknaseturs skapandi greina. Þó margir telji umræðu um skapandi greinar almennt jákvæðar, sbr. 64,8% svarenda í spurningakönnun), voru flestir sammála að hún byggðist ekki nægilega oft á gögnum heldur frekar á tilfinningu og skoðunum fátta. Umræða og ákvarðanatöku er sömuleiðis oft viðbrögð við einhverju, s.s. breytingum, í stað þess að vera fyrirbyggjandi. Einungis 41,8% svarenda í spurningakönnun finnast listir og skapandi greinar vera vel metnar í íslensku samfélagi og 26,3% segja þær fremur eða illa metnar.

Aðspurðir af hverju þörf sé á rannsóknasetri voru þátttakendur almennt sammála um að auka þurfi aðgengi að upplýsingum og gögnum um efnisleg, samfélagsleg og umhverfisleg verðmæti skapandi greina, ekki bara til að vita umfang greinarinnar og virði, heldur einnig til að átta sig á því hvað skapandi greinar eru. Hugtakið skapandi greinar (culture and creative industries) er vítt og mengið líka (hverjir og hvað er hluti af skapandi greinum á hvaða tíma). Skapandi greinar eru ekki eins og aðrar atvinnugreinar. Þær eru hreyfiafl sem einkennast af ófyrirsjáanleika og hreyfast með breytingum í samfélagi. Reglubundin öflun upplýsinga og gagna, rýning þeirra, reglubundnar úttektir og rannsóknir skipta lykilmáli til að byggja innviði atvinnugreinarinnar og undirbyggja vöxt, styðja við stefnumótun byggða á staðreyndum, ákvarðanatöku og forgangsröðun fjármagns. Rannsóknasetur getur stutt við alla þessa þætti og með því orðið leiðandi afl í að tryggja væntan vöxt og samkeppnishæfni skapandi greina langt inn í framtíðina. Dregnar saman eru helstu niðurstöður varðandi þörf fyrir rannsóknasetur, hlutverk og helstu verkefni:

1) Mikil jákvæðni gagnvart því að stofna rannsóknasetur. **75,5%** finnst vera mjög eða fremur mikil þörf fyrir sérstakt rannsóknasetur skapandi greina á Íslandi


	Fjöldi	%
Mjög mikil (5)	138	34,8%
Fremur mikil (4)	161	40,7%
Í meðallagi (3)	73	18,4%
Fremur lítil (2)	18	4,5%
Mjög lítil (1)	3	0,8%
Alls engin (1)	3	0,8%
Gild svör	396	100,0%
Svörðu ekki	27	6,4%
Heildarfjöldi	423	100,0%



Mynd 1: Finnst þér vera mikil eða lítil þörf fyrir sérstakt rannsóknasetur skapandi greina á Íslandi?

(2) Rannsóknir vantar til að nýta í starfi og við uppbyggingu skapandi greina sem atvinnugrein. **64,8% svarenda í spurningakönnun vilja nýta rannsóknir í meira mæli en þeir gera í dag.** Margþættar ástæður eru fyrir því að niðurstöður rannsókna eru ekki nýttar meira en raun ber vitni, m.a. annað aðalstarf, skortur á aðgengi, aðstöðuleysi, álag í starfi, atvinnuóöryggi, áhyggjur af fjárhagsskortri og skortur á langtímastuðningi

	Fjöldi	%
Miklu meira (5)	79	21,1%
Nokkru meira (4)	164	43,7%
Eins og ég geri núna (3)	124	33,1%
Nokkru minna (2)	1	0,3%
Mun minna (1)		
Alls ekkert (1)	7	1,9%
Gild svör	375	100,0%
Fengu ekki spurningu	43	10,2%
Svörðu ekki	5	1,2%
Heildarfjöldi	423	100,0%



Mynd 2: Myndir þú vilja nýta rannsóknir meira eða minna í þínu starfi?

(3) Rannsóknasetur mun efla atvinnugreinina sjálfa, s.s. hæfniuppbyggingu, á sjálfbæran hátt ýta undir fleiri og víðtækari rannsóknir, efla umræðu og gagnast við stefnumótun, ákvarðanatöku og forgangsröðun fjármuna.

(4) Betri gögn og fleiri rannsóknir nýtast í samtali við stjórnvöld, sýna mikilvægi ólíkra atvinnugreina innan skapandi greina, skapa tækifæri til að meta árangur, bera saman áhrif aðgerða og rýna hvar stuðning skortir.

(5) Rannsóknasetur hefur víðtæku hutverki að gegna við að:

- Stuðla að vandaðri og heildstæðri gagnasöfnun (í samstarfi við Hagstofu), rýna gögn, vinna úttektir og birta úttektir (gera nýja þekkingu aðgengilega). Rýna gögn sem sýna samanburð við önnur lönd.
- Halda úti mælaborði skapandi greina sem gefur mynd á hverjum tíma af efnahagslegu umfangi þeirra.
- Styðja við gerð nýrrar menningarvísitölu í samstarfi við Hagstofu og sveitarfélög.
- Skilgreina hugtök í umræðu um skapandi greinar og rýna og miðla rannsóknaaðferðum sem hægt er að beita til að rannsaka þær út frá mismunandi hugtökum.

- Draga fram í samanburðarhæfum rannsóknum áhrif skapandi greina, s.s. á velsæld, lýðheilsu, efnahag, félagslega, menningarlega og samfélagslega þróun o.s.frv. **80,4% svarenda í spurningakönnun finnst skipta mjög eða fremur miklu máli að rannsóknasetur leggi áherslu á þverfaglegar rannsóknir**
- Rannsaka hagi og starfsumhverfi listafólks, jafnt hjá stofnunum og sjálfstætt starfandi, s.s. einyrkja.
- Rannsaka opinbera fjárfestingu í skapandi greinum (s.s. sjóða- og styrkjakerfi) og margfeldisáhrif.
- Rannsaka stöðu skapandi greina í íslensku menntakerfi
- Vinna að byggðapróunarrannsóknum og tengingu skapandi greina við nýsköpun á landsbyggðinni.
- Rannsaka menningarneyslu og hegðun áhorfenda.
- Vinna vinnumarkaðsrannsóknir – teikna upp landakort sem segir til um hvernig atvinnugreinin lítur út á hverjum tíma – móta áttavita til framtíðar!
- Kortleggja skapandi greinar og fylgja eftir með rannsóknum á þróun einstakra greina innan skapandi greina, vexti og áhrifum á einstaklinga, samfélag og efnahag.
- Veita stjórnvöldum stuðning við stefnumótun með aðgengi að gögnum til að undirbyggja hana.
- Stuðla að þátttöku í alþjóðlegu tengslaneti og rannsóknum – vera brú yfir í alþjóðlegt rannsóknaumhverfi.
- Veita rannsakendum aðstoð til að ýta undir frekara rannsóknastarf, s.s. stuðning við sókn í sjóði og tengslamyndun.
- Vera heimili frjórrar umræðu um skapandi greinar og þróun þeirra og byggja brú milli rannsakenda og fyrirtækja, stofnana og háskóla, héraðs og erlendis.
- Auka þekkingu og skilning almennings og stjórnvalda á mikilvægi og virði skapandi greina fyrir ólík svið samfélags með þátttöku í samfélagsumræðu, málþingum og kynningum á niðurstöðum rannsókna.


Áhersla, innviðaupbygging og stefnumörkun stjórnvalda

Aðspurðir að því hvort þeim finnst nægilega mikil áhersla á skapandi greinar af hálfu stjórnvalda voru flestir sammála því að athygli stjórnvalda hefði farið batnandi síðustu ár og væntingar eru töluverðar til þess að nýtt ráðuneyti skapandi greina muni svara ítrekuðu ákalli greinarinnar um markvissari heildarstefnumótun sem fylgir aðgerðaáætlun með skýr markmið og mælikvarða og áætlanir um styrkingu innviða. 87,9% segja stefnumótun stjórnvalda skipta mjög miklu eða fremur miklu máli og einungis 2% mjög litlu eða engu máliog 42,3% finnst stjórnvöld standa sig mjög eða fremur illa í að framfylgja aðgerðaáætlunum.

Heimsfaraldur opinberaði veikleika greinarinnar varðandi stoðkerfi og starfsöryggi, sérstaklega sjálfstætt starfandi. Tímabundin innspýting fjármagns í styrktar- og launasjóði dugar ekki til að tryggja fyrirsjáanleika til framtíðar. Móta þarf fjölbreyttar leiðir til innviðaupbyggingar til langrar framtíðar og stórefla aðgengi að tölfræðigögnum og rannsóknum til að undirbyggja uppbyggingu. Horfa þarf einnig á skapandi greinar sem nýsköpunargreinar ekki síður en tæknifyrirtæki og stoðkerfið og innviðir þurfa að taka mið af því. Menntun skiptir sömuleiðis lykilmáli í uppbyggingu innviða og búseta eða kostnaður á ekki að vera fyrirstaða aðgengis. Dregnar saman eru helstu niðurstöður:

(1) Stjórnvöld þurfa að leggja ríkari áherslu á uppbyggingu innviða og stoðkerfis skapandi greina. Áherslur þurfa að taka mið af raunverulegum þörfum ólíkra undirgreina innan skapandi greina fyrir stuðning, þeirra sem lúta meira lögmálum hefðbundinna atvinnugreina og þeirra sem gera það ekki, og vera undirbyggð af gögnum og rannsóknnum. **19,9% segja stjórnvöld hafa staðið sig vel við uppbyggingu innviða en 45,1% segja að þau hafi staðið sig fremur eða mjög illa í þessu tilliti.**


	Fjöldi	%
Mjög vel (5)	9	2,7%
Fremur vel (4)	58	17,2%
Í meðallagi (3)	118	35,0%
Fremur illa (2)	127	37,7%
Mjög illa (1)	25	7,4%
Gild svör	337	100,0%
Svöruðu ekki	86	20,3%
Heildarfjöldi	423	100,0%



Mynd 3: Hversu vel eða illa finnst þér stjórnvöld hafa staðið sig í því að styðja innviði lista og skapandi greina

(2) Móta þarf heildstæða stefnu um skapandi greinar og áætlun um aðgerðir sem byggir á mælanlegum markmiðum og mælikvörðum. **87,9% svarenda í spurningakönnun segja stefnumótun stjórnvalda skipta mjög miklu eða fremur miklu máli.**


	Fjöldi	%
Mjög vel (5)	9	2,7%
Fremur vel (4)	58	17,2%
Í meðallagi (3)	118	35,0%
Fremur illa (2)	127	37,7%
Mjög illa (1)	25	7,4%
Gild svör	337	100,0%
Svöruðu ekki	86	20,3%
Heildarfjöldi	423	100,0%



Mynd 4: Hversu miklu eða litlu máli skiptir stefnumótun stjórnvalda fyrir listir og skapandi greinar að þínu mati?

Á sama tíma segja 42,3% að stjórnvöld standi sig mjög eða fremur illa að fylgja aðgerðaáætlunum sínum varðandi skapandi greinar eftir og einungis 12,6% segja að stjórnvöld standi sig vel.

	Fjöldi	%
Mjög vel (5)	3	0,9%
Fremur vel (4)	38	11,7%
Í meðallagi (3)	146	45,1%
Fremur illa (2)	115	35,5%
Mjög illa (1)	22	6,8%
Gild svör	324	100,0%
Svöruðu ekki	99	23,4%
Heildarfjöldi	423	100,0%



Mynd 5: Hversu vel eða illa finnst þér stjórnvöld fylgja eftir aðgerðaáætlunum sínum um listir og skapandi greinar?

(3) Fjöldmörg tækifæri leynast fyrir stjórnvöld að móta nýjar leiðir til að styðja við innviðauppbyggingu, sem að mati hagaðila felast m.a. í að:

- styrkja einstaka fagfélög fjárhagslega til að styrkja stoðir starfsemi þeirra og tryggja þátttöku í nefndum og stefnumörkun stjórnvalda.
- búa til hvata í einkageiranum til að styðja við listir og menningu.
- móta heildstæða langtímastefnu fyrir allar skapandi greinar með samtali við alla hagaðila. Í slíkri stefnu þarf að vera áætlun um innviðauppbýggingu.
- endurskoða og efla öll styrkjakerfi, veita fjölbreyttari styrki til lengri tíma, ásamt því að auka aðgengi að sprotafé. Rýna stoðkerfi í öðrum löndum, s.s. varðandi listamannalaun.
- endurskoða fyrirkomulag og auka gagnsæi varðandi endurgreiðslukerfi.
- byggja upp innviði rannsókna og efla raunveruleg tækifæri til rannsókna.
- fjölga tækifærum á stuðningi við sprotastarfsemi, s.s. styrkir, húsnæði og annan stuðningur.
- tryggja fleiri menningarstofnunum föst fjárframlög til rekstrar.
- fjárfesta markvisst í nýsköpun innan skapandi greina, s.s. í gegnum þróunarsjóði, með skattaívilnunum og skattfrádrætti.
- styðja við listamannarekin rými, byggja upp vinnustofukerfi fyrir listamenn og frumkvöðla um allt land.
- styrkja list- og verknám á öllum skólastigum – skoða nýliðun og menntun kennara.
- auka fræðslu um höfundarétt á öllum skólastigum, móta skýra höfundaréttarstefnu og endurskoða núverandi höfundalög.
- efla menntunar- og símenntunartækifæri.

(4) Skapandi greinar eru samfélagslegt hreyfiafl og í því ljósi þarf að horfa á stefnumótun, uppbyggingu innviða og rannsóknastarf. Með því að horfa á greinarnar út frá þeim vinkli má útvíkka sjónarhorn rannsakandans og stefnumótandans frá því að rekja áhrif einungis með söfnun tölfræðilegra gagna yfir í vettvangsrannsóknir, viðtöl og sögugreiningu.

(5) Mikilvæg hlið innviðauppbýggingar er bætt aðgengi að menntun óháð búsetu og ekki síður að menntuðu fólki til að sinna menntunartækifærum og þannig uppbyggingu greinarinnar og samkeppnishæfni til framtíðar.

(6) Atvinnugreinar innan skapandi greina eru fjölbreyttar og íhlutunar stjórnvalda er þörf til að tryggja öllum greinum jöfn tækifæri. Þótt vöxtur geti ekki einvörðungu verið markaðstengdur þurfa stjórnvöld að skilyrða betur fjárveitingar inn í menningu skapandi greina til að tryggja að fjármunir raunverulega styrki innviði.

Menntun, símenntun og hæfniuppbygging innan skapandi greina

Þátttakendur í þarfagreiningunni nefndu oft menntun, aðgengi, framboð, tækifæri til símenntunar og hlutverk í innviðauppbýggingu í opnum svörum en þeir voru einnig spurðir sérstaklega um menntun innan skapandi greina. Í þeirra huga er menntun grundvallarforsenda uppbyggingar innviða og skapandi greina sem atvinnugreinar. Aðspurðir um núverandi framboð menntunar voru þátttakendur sammála um að það væri nokkuð gott í samanburði við nágrannalönd, sérstaklega á háskólastigi. Kostnaður við námið, sem og sú staðreynd að það er allt bundið við höfuðborgarsvæðið, takmarkar þó aðgengi að vissu leyti. Nám á neðri skólastigum má hins vegar bæta, s.s. uppfylla viðmið námskrár í samræmi við lög og auka framboð og aðgengi að ólíku listnámi um allt land. Tækifæri felast einnig í því að flétta skapandi greinum saman við námskrár, s.s. framhaldsskóla og háskóla, og auka þannig enn frekar gildi þverfaglegs náms og hæfni til að takast á við störf framtíðar. Horfa þarf markvisst til hæfniuppbyggingar á öllum skólastigum sem tryggir útskrifuðum getu til að takast á við störf sem eru ekki til í dag og vinna vinnu markaðsrannsóknir til að móta áttavita til framtíðar varðandi hæfniuppbyggingu.


Símenntunartækifæri eru misjöfn eftir greinum. Fjölga þarf tækifærum til að efla frekar og nýta við markvissa hæfniuppbyggingu þeirra sem starfa í skapandi störfum í síbreytilegu vinnuumhverfi. Þannig segja einungis 30,6% svarenda í spurningakönnun að aðgengi að símenntun sé gott innan eigin starfsgreinar, nánast jafnhátt hlutfall og þeir sem sega aðgengi fremur eða mjög slæmt. Hér er merkjanlegur munur milli atvinnugreina. Starfandi viðhalda hins vegar eigin þekkingu og færni til að takast á við breytingar á eigin starfssviði með fjölbreyttum hætti, s.s. í gegnum erlent samstarf og eigið tengslanet, með því að fylgjast með umræðu í samfélag og á neti og neyta menningarviðburða, í gegnum endur-og símenntunarnámskeið, fræðslufundi og ráðstefnur. Fjölmargir nefndu einnig mikilvægi jafningjafræðslu og samstarfs þvert á greinar. Dregnar saman eru helstu niðurstöður:

(1) Menntun er grundvallarforsenda uppbyggingar innviða innan skapandi greina og samfélaga. Mikilvægt er að kortleggja núverandi framboð á menntun innan skapandi greina á öllum skólastigum, sem og tækifæri til sí- og endurmenntunar innan ólíkra atvinnugreina og móta menntastefnu til framtíðar með aðkomu hagaðila.

(2) Hæfniramma um menntun og áhersla á hæfniuppbyggingu í þrepum styður við þá hugsun að horfa á nám sem ferli. Rannsóknasetur hefur hlutverki að gegna að vinna vinnumarkaðsrannsóknir og mögulega hæfnigreiningar til að móta náms- og símenntunarframboð.

(3) Tryggja þarf betra aðgengi að námsframboði í skapandi greinum á öllum skólastigum óháð félagslegri stöðu og búsetu. Við uppbyggingu náms þarf að auka samstarf á milli skólastofnana, skólastiga og milli skóla og atvinnulífs. Sömuleiðis er brýnt að tryggja aðgengi að krítískum fjölda kennara, s.s. á háskólastigi til að tryggja gæði náms. Jafningjafræðsla skiptir hér máli.

(4) Lykilfærni til að tryggja samkeppnishæfni skapandi greina til framtíðar sem svarendur í spurningakönnun segja helst skorta er: Færni í rekstri (64,7%), færni í stjórnun (42,9%), færni í upplýsingatækni (39,9%) og færni í verkefnastjórnun (39,3%). Önnur færni sem var nefnd: Færni í að sjá hluti í stærra samhengi, koma verkefnum á framfæri (miðlun upplýsinga), fjármögnun og fjármál, samningagerð og lýðræðisleg vinnubrögð. Í þessu tilliti er vert að nefna fjölda útskrifaðra sem starfa sjálfstætt sem einyrkjar.




Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Mynd 6: Hvaða færni skortir helst meðal þeirra sem starfa innan lista og skapandi greina almennt til að tryggja samkeppnishæfni til framtíðar?

(5) 60,3% svarenda í spurningakönnun segjast vera mjög vel eða fremur vel í stakk búnir að takast á við breytingar í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna en einungis 6,1% segjast vera fremur eða mjög illa í stakk búnir.


(6) Rýna þarf sí- og endurmenntunarframboð með hagaðilum í hverri atvinnugrein til að byggja upp og viðhalda hæfni. Einungis 30,6% svarenda í spurningakönnun segja aðgengi gott og 29,7% segja aðgengi fremur eða mjög slæmt eða alls ekkert. Mælanlegur munur er á svörum í spurningakönnun varðandi aðgengi að símenntun eftir atvinnugrein svarenda. Þannig er aðgengi slæmt innan hönnunar og arkitektúrs, sviðslista og myndlistar sérstaklega.

	Fjöldi	%
Mjög vel (5)	56	16,4%
Fremur vel (4)	150	43,9%
Í meðallagi (3)	115	33,6%
Fremur illa (2)	20	5,8%
Mjög illa (1)	1	0,3%
Gild svör	342	100,0%
Svöruðu ekki	81	19,1%
Heildarfjöldi	423	100,0%



Mynd 7: Hversu vel eða illa telur þú þig í stakk búin(-n) að takast á við breytingar í þinni starfsgrein í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna?

	Fjöldi	%
Mjög gott (5)	19	5,5%
Fremur gott (4)	87	25,1%
Í meðallagi (3)	136	39,3%
Fremur slæmt (2)	70	20,2%
Mjög slæmt (1)	26	7,5%
Ekkert (1)	8	2,3%
Gild svör	346	100,0%
Svöruðu ekki	77	18,2%
Heildarfjöldi	423	100,0%



Mynd 8: Hversu gott eða slæmt aðgengi finnst þér vera að símenntun innan þinnar starfsgreinar?

Öflun upplýsinga og gagna og notkun þeirra

Þótt ýmislegt hafi áunnist síðastliðin ár varðandi öflun tölfræðilegra gagna gengur vinnan of hægt og töluverðar gloppur og göt eru í núverandi gögnum sem gerir það að verkum að ekki er hægt að treysta þeim með óyggjandi hætti. Úrvinnsla gagna og áframhaldandi rannsóknir með sömu gögn er sömuleiðis lítil sem engin. Þátttakendur í þarfagreiningu voru beðnir um að svara því hvaða upplýsingar og gögn þeim þætti mikilvægt að væru aðgengilegar um skapandi greinar. Þátttakendur voru nokkuð sammála um hvaða gögnum þyrfti að safna reglubundið en brýnt er að skilgreina þau þannig að hægt sé að hefjast handa við að safna þeim reglubundið og tryggja betur gæði þeirra. Hægt er að nýta tölfræðileg gögn á marga vegu, s.s. til rannsókna, stefnumótunar, í uppbyggingu innviða og menntunar en einnig til að meta fjárhagslegt og ekki síður félagslegt, menningarlegt og samfélagslegt virði. Loks gagnast þau til að auka skilning og virðingu samfélagsins á mikilvægi greinanna. Bætt aðgengi að tölfræðilegum gögnum nýtist ólíkum hagaðilum en ekki síst rannsóknasetri. Samhliða uppbyggingu rannsóknaseturs þarf að efla getu Hagstofu Íslands til að afla grunnagna og skilgreina vel hlutverk þessara tveggja stofnana. Dregnar


saman eru helstu niðurstöður:

(1) Tryggja þarf reglubundna öflun samanburðarhæfra gagna um skapandi greinar: Efnisleg verðmæti (í krónum), samfélagsleg og umhverfisleg verðmæti, fjölda starfa, útflutning, meðaltekjur, rekstraraðila, menningarlegan bakgrunn og kyn starfandi, fjárfestingar (styrkja- og stoðkerfi, innviði), þátttöku almennings í listum og menningu, hæfnipörf, fjölda sjálfstætt starfandi (starfafyrirkomulag) og framboð og eftirspurn eftir listum og menningu.

(2) Hagstofa Íslands þarf að hafa getu til að afla grunnagna og gefa út hagtölur um skapandi greinar sem hægt er að treysta. Rannsóknasetur hefur hins vegar mikilvægu hlutverki að gegna við að rýna gögn, vinna samanburðargreiningar og nýta sem grunn í fjölþættar rannsóknir.

(3) Aðgengi að upplýsingum og tölfræðilegum gögnum nýtist hagaðilum innan skapandi greina til að ná árangri: Í samtali við stjórnmál, til að meta árangur, til að bera saman áhrif aðgerða, og finna út hvar stuðning skortir.

(4) Þótt brýnt sé að afla grunnagna varðandi efnislegt virði sögðu **94,3%** svarenda í spurningakönnun mikilvægast að hafa aðgengi að upplýsingum um samfélagsleg verðmæti skapandi greina. Þá finnst **87%** mikilvægt að hafa upplýsingar um útflutningstekjur og **75,7%** svarenda finnst mikilvægt að hafa upplýsingar um efnisleg verðmæti aðgengilegar.



Mynd 9: Hversu mikilvægt eða lítilvægt finnst þér að eftirfarandi upplýsingar og tölfræðileg gögn séu aðgengileg?

(5) Það skiptir máli hvernig upplýsingar og gögn eru nýtt. Brýn þörf er á að auka skilning og virðingu í samfélaginu í garð skapandi greina, umfangi þeirra og forsendum vaxtar. Með rannsóknum sem byggja á tölfræðigögnum er hægt að undirbyggja og dýpka umræðu og faglegt samtal, ásamt því að vinna samanburð. Gagnagrunna má einnig nota til að undirbyggja stefnumörkun, til að forgangsráða fjármunum, vinna lagabreytingar, móta stefnu og mælanleg markmið og útbúa mælikvarða. Gögn styðja líka við hæfniuppbyggingu og mótun menntunartækifæra (mannaflopp) og aðgengi að námi. Hagtölur nýtast til að byggja upp efnahagslega innviði og sjá framlag til vergrar þjóðarframleiðslu og styðja við nýsköpun um allt land þar sem skapandi greinar eru í forgrunni.